

# Endurnýjun

## REKSTRARLEYFI

### FE-1105

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds:

Leyfishafi:	<b>Arnarlax ehf.</b>	Kennitala:	<b>580310-0600</b>
Starfsstöð:	<b>Arnarfjörður</b>	Hámarkslífmassi:	<b>10.000 tonn</b>
Gildir frá:	<b>xx.xx.xxxx</b>	Gildir til:	<b>xx.xx.xxxx</b>
Starfsemi:	<b>Sjókvíaeldi, kynslóðaskipt áframeldi</b>		
Tegundir:			
Lax / <i>Salmo salar</i>	StofnFiskur:	<b>Frjór lax</b>	

<b>Svæði</b>	<b>Hnit</b>
Steinanes	1. 65°40.843'N 23°27.998'W, 2. 65°40.534'N 23°27.038'W, 3. 65°40.005'N 23°28.321'W, 4. 65°40.281'N 23°29.300'W,
Haganes	1. 65°40.561'N 23°33.964'W, 2. 65°40.895'N 23°32.591'W, 3. 65°40.473'N 23°31.546'W, 4. 65°39.937'N 23°33.392'W,
Tjaldaneseyrar	1. 65°45.420'N 23°33.620'W, 2. 65°45.160'N 23°31.750'W, 3. 65°44.600'N 23°32.090'W, 4. 65°44.950'N 23°34.080'W,
Hlaðsbót	1. 65°46.152'N 23°42.247'W, 2. 65°46.406'N 23°41.993'W, 3. 65°46.194'N 23°40.053'W, 4. 65°45.771'N 23°40.340'W,
Hringsdalur	1. 65°44.948'N 23°46.168'W, 2. 65°44.487'N 23°44.466'W, 3. 65°43.920'N 23°45.470'W, 4. 65°44.380'N 23°47.172'W,
Kirkjuból	1. 65°45.628'N 23°50.524'W, 2. 65°45.808'N 23°50.102'W, 3. 65°46.224'N 23°51.120'W, 4. 65°46.018'N 23°51.552'W,

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og ræktunarsvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laga 71/2008 um fiskeldi.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Variðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til notkunar erfðavísa þannig að unnt sé að rekja uppruna eldislaxa til ákveðinna sjókvíaeldisstöðva.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskirteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.